



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um umferðaröryggi við Njarðargötu (R21030275).***

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 23. mars sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Íbúar í miðborginni og foreldrar leikskólabarna og grunnskólabarna hafa itrekað bent á að það þurfi að auka öryggi gangandi og hjólandi við og yfir Njarðargötu. Fjöldi barna á leið yfir götuna á leið í Austurbæjarskóla og Grænuborg og við götuna er leikskólinn Laufásborg. Þarna er oft þung og hröð umferð enda gatan löng og bein eins og hönnuð fyrir hraðakstur. Íbúaráðið tekur undir þessar áhyggjur og leggur fram fyrirspurn til samgöngusviðs: Liggja fyrir aðgerðir sem fara á í til þess að tempra hraða umferð við Njarðargötu. Hvað telur fagfólk á skrifstofu samgöngustjóra vera mikilvægustu aðgerðirnar til þess að auka öryggi gangandi við og yfir götuna? Sem dæmi: Gönguljós ofarlega nálægt holtinu og við miðja götuna? Breyta götunni í vistgötu? Takmarka ennfrekar umferð stórra bifreiða um götuna? Annað?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann sama dag.

Svar við fyrirspurn:

Ekki liggur fyrir greining á mögulegum umferðaröryggisaðgerðum á Njarðargötu sem stendur og því eru ekki forsendur til að telja ákveðnar aðgerðir mikilvægari en aðrar. Engar aðgerðir eru fyrirhugaðar í götunni sem hluti af umferðaröryggisaðgerðum sumarsins og í nýsamþykktri hámarkshraðaáætlun er gert ráð fyrir að leyfður hámarkshraði verði áfram 30 km/klst.

Í samræmi við umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur er fyrirhugað að vinna hverfisáætlanir fyrir einstök hverfi borgarinnar og forgangsraða staðbundnum aðgerðum. Áfram verður lögð áhersla á að koma í veg fyrir alvarleg slys með sérstaka áherslu á slys á börnum og ungmennum.

Þorsteinn R. Hermannsson  
samgöngustjóri